



HRUNAMANNAHREPPUR

42. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2006 – 2010 2. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 29. JANÚAR 2009
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Esther Guðjónsdóttir, Ísolfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Svanhildur Hrönn Pétursdóttir sat fundinn undir umræðunni um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Oddviti bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að leggja fram til fyrri umræðu þriggja ára áætlun sveitarfélagsins 2010 til 2013, einnig fundargerð Veitustjórnar frá 27. janúar og fundarögerð v. fundar með félagsmálastjóra 15. janúar s.l. Samþykkt var samhljóða að bæta ofangreindu fundarefni við dagskrá fundarins.

Því næst var gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Atriði er tengjast fjárhagsáætlun ársins 2009 – gjaldskrár o.fl.
2. Afsláttur fasteignagjalda ellilífeyrisþega og öryrkja
3. Helstu breytingar milli umræða
4. Tillaga að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2009 (seinni umræða).
5. Tillaga að þriggja ára fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010-2012 (fyrri umræða).
6. Nokkrar styrktarumsóknir
7. Félagsmiðstöð í Flúðaskóla
8. Vínubúð ÁTVR á Flúðum – minnisþingar.
9. Kynning á svæðisáætlun – sjá samlausn.is
10. Drög að reglum um tjaldsvæðið á Flúðum
11. Heilsuþorp á Flúðum framvind málsins.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu

1. 8. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. 12. s.l.
2. 109. Fundur Félagsmálanefndar frá 13. jan. s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 421. fundur stjórnar frá s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: 165. og 166. fundir stjórnar frá 9. og 15. janúar s.l.
- c. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Framlög sveitarfélaga 2009
- d. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands: 28. Aukaaðalfundur frá 19. des. s.l.

Aðrar upplýsingar:

- a. Alþingi: Úthlutun vegna Minjasafn Emils í Gröf.
- b. Lánasjóður sveitarfélaga: Greiðsluáætlun bréf frá 12. janúar s.l.
- c. Sambandið: Verkfallslisti v. 2009.
- d. Samgönguráðuneytið: Jöfnunarsjóður framlög v.fatlaðra nemenda.
- e. Samgönguráðuneyti: Jöfnunarsjóður v. nýbúa.
- f. Félag tónlistarkennara: Ályktun um tónlistarnám í landinu.
- g. Félags- og tryggingamálaráðuneytið: Skipan matsteymis bréf dags. 9. janúar s.l.
- h. ASÍ: Hagur atvinnulausra bréf dagsett 15. janúar s.l.
- i. Félag slökkvistjóra á landinu: Þakkarbréf frá 10. desember s.l.
- j. Bændasamtök Íslands: Bótaréttur vegna framkvæmda í almannabágu

Erindi til hreppsnefndar:

1. Oddviti kynnti minnisblað meðatriðum er tengjast fjárhagsáætlun ársins 2009 – gjaldskrár o.fl.

Seinni umræða um fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps.

Endurskoðaðar tillögur um þjónustugjöld – gjalddaga, o. fl.

Þjónustugjöld v.álagningar fasteignagjalda árið 2009

Vatnsskattur sumarhús verði: 20.400

Vatnsskattur atvinnuhúsnæði: 0,15 % af álagningastofni lágmark 70.000

Vatnsskattur íbúðarhúsnæði: 0,30 % af álagningastofni hámark 70.000

Holræsagjald: 0,30%

Sorphirðugjald: 14.600

Sorpeyðingagjald: 14.600

Sorpeyðingargjald atvinnureksturs: 30.500

Sorpeyðing sumarhús: 12.200

Lóðarleiga 0,5% af lóðarhlutamati sbr. lóðaleigusamningar

Fasteignaskattur:0,60% af lóðarhluta og fasteignamati

Atvinnuhúsnæði: 1,32%

Opinbert húsnæði:1,32%

Tillaga að gjalddaga fasteignagjalda:

Gjalddagar verða: **15.febrúar, 1.apríl, 1.maí, 1.júní og 1.júlí**

Gjöld 20.000 og lægri fari á einn gjalddaga þ.e. **1.apríl**

Gjöld 20.001 til 60.000 fari á 3 gjalddaga þ.e. **15. febr, 1.apríl og 1. júní**

Gjöld hærrí en 60.001 fari á 5 gjalddaga .þ.e. **15.febr, 1.apríl, 1. maí,**

1.júní, og 1.júlí

Þá var einnig kynntar hugmyndir um sérstaka eignadeild, veituedeild, íbúðir og hús í eigu sveitarfélagsins auk leiguskiðmála. Umræður tengdust húsaleigubótum, leiguverði o.s.frv.

2. Oddviti kynnti tillögu að breytingu á afsláttum á fasteignagjalda ellilífeyrisþega og öryrkja en skv. bréfi frá Samgöngumálaráðuneytis dags. 7. janúar s.l. ber hreppsnefnd að breyta reglum varðandi flatan almennan afslátt óháð tekjum. Kynna skal ráðuneytinu þær reglur fyrir 2. febrúar n.k. Tillagan er eftirfarandi:

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið 2009.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Hrunamannahreppi.

1.gr.

Fasteignaskattur (ekki þjónustugjöld) af íbúðum í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Hrunamannahreppi sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. langa nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

a) ellilífeyrisþegi skal ná 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað. Ef um hjón eða sambylisfólk er að ræða, skulu bæði hjón eða sambylisfólk, ná 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað til þess að njóta niðurfellingar.

b) hafi verið úrskurðaður 75% öryrki fyrir 1. janúar á álagningarári.

Afslátturinn nær einungis til þeirra íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í og er skráður til lögheimilis.

3.gr.

Lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur 2007 eins og þær eru skv. skattframtali. Miðað verði við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambylisfólks.

- a. ef um einstakling er að ræða:

með brúttótekjur undir 2.490.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%

– með brúttótekjur milli 2.490.001 – 2.805.000 kr. getur niðurfellingin orðið 25%

b. ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða:

- með brúttótekjur undir 3.665.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%

- með brúttótekjur milli 3.665.001- 4.100.000. getur niðurfelling orðið 25%.

Þeir einstaklingar eða hjón sem hafa hærrí tekjur en þær viðmiðunartekjur sem að ofan greinir fá ekki niðurfellingu og greiða því fullan fasteignastatt.

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda og eru framreiknaðar á ári hverju skv. vísitölu neysluverðs, þ.e. tekjur sem mynda álagningastofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

4.gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka eða sambýlismanns með tekjur allt að 2.805.000 kr. á ári er heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

5.gr.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt skv. 3.gr. gegn framvísun á örorkuskírteini.

Hreppsnefnd samþykkir ofangreinda tillögu. Hreppsnefnd mun endurskoða þessar reglur innan eins árs.

3. Helstu breytingar á Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2009 milli umræðna. Oddviti kynnti þær breytingar sem átt hafa sér stað milli umræðna.

4. Tillaga að Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2009 (seinni umræða). Oddviti og sveitarstjóri lögðu fram Tillögu að Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2009 til síðari umræðu. Helstu kennitölur fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps 2009.

Rekstrarniðurstaða A-hluta	7.508.000
Rekstrarniðurstaða A og B – hluta	(11.987.000)
Fjárfesting	28.000.000
Veltufé frá rekstri	63.104.000
Heildar eignir	846.955.000
Heildarskuldir	692.725.000
Eigið fé	154.229.000

Ekki er gert ráð fyrir lántöku í áætluninni.

Hreppsnefnd samþykkir fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2009 samhljóða.

Hreppsnefnd samþykkir að endurskoða áætlunina fyrir 1. júní n.k.

5. Tillaga að þriggja ára Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010 til 2012 (fyrri umræða). Oddviti kynnti tillöguna og fór yfir helstu forsendur áætlunarinnar.

Hreppsnefnd samþykkir áætlunina samhljóða og vísar henni til síðari umræðu.

6. Nokkrar styrktarumsóknir Oddviti kynnti umsóknir um styrki sem borist hafa. Meðal styrkumsókna er ósk frá Uppsveitasystur.

Hreppsnefnd samþykkir að styrkja kórinn sem nemur húsaleigu á æfingum í Félagsheimili Hrunamanna. Öðrum umsóknum hafnað.

7. Félagsmiðstöð í Flúðaskóla: Sveitarstjóri sagði frá stofnun

Félagsmiðstöðvar. Starfsemin hefur þegar farið í gang. Sveitarstjóra falið að ganga frá kostnaðarskiptingu milli Skeiða- og

Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps vegna þessa.

8. Vínbúð ÁTVR á Flúðum – minnisþingur. Sveitarstjóri sagði frá fundi sem hann hefur átt með forstjóra og framkvæmdastjóra ÁTVR.

Hreppsnefnd felur honum að halda áfram samningaviðræðum við forsvarsmenn fyrirtækisins á þeim forsendum sem kynntar eru í minnisþingum. Húsnæðið sem um er að ræða er Akurgerði 4.

9. Kynning á svæðisáætlun – sjá samlausn.is Oddviti sagði frá því að kynning á áætluninni ásamt umhverfisskýrslu.

Athugasemdafrestur er til 1. mars. Sveitarstjóra falið að senda Umhverfisnefnd upplýsingarnar.

10. Drög að reglum um tjaldsvæðið á Flúðum Oddviti kynnti drög að reglum um umgengni tjaldsvæðisins sem fulltrúar Trogs ehf. hafa tekið saman. Talsverðar umræður urðu um drögin. Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa Trogs ehf. á þeim grunni sem rætt var um á hreppsnefndarfundi.
11. Heilsuþorp á Flúðum – framvinda málsins: Oddviti kynnti minnispunkta sem teknir hafa verið saman eftir síðasta fund með fulltrúum sem vinna að fjármögnun, uppbyggingu og stofnun sérstaks hlutafélags um Heilsuþorp á Flúðum. Unnið er áfram að málinu. Í gangi er vinna við breytingu á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps þar sem þetta svæði verði íbúðar- og þjónustusvæði.

Fundargerð v. stofnana Hrunamannahrepps

- Oddviti kynnti 29. fundargerð veitustjórnar frá 27. janúar s.l.: Dagskráratríði voru: Gjaldskrá vatnsveitu Flúða, fyrirspurn vegna hitaveitulagnar að Kaldbak, Átaksveitan og önnur mál. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu

1. 8. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 17. 12. s.l. Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð fundar byggingar og skipulagsfulltrúar frá 17. desember sl.
2. 109. Fundur Félagsmálanefndar frá 13. jan. s.l. Oddviti kynnti fundargerð 109. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
3. Fundargerð oddvitanefndar frá 15. janúar: Fundurinn fjallaði um störf félagsmálastjóra enda kynnti hún starf félagsmálanefndarinnar. Hreppsnefnd samþykktir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 421. fundur stjórnar frá s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. Sorpstöð Suðurlands: 165. og 166. fundir stjórnar frá 9. og 15. janúar s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Framlög sveitarfélaga 2009 Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- d. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands: 28. Aukaaðalfundur frá 19. des. s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

Aðrar upplýsingar:

- a. Alþingi: Úthlutun vegna Minjasafn Emils í Gröf. Lagt fram til kynningar.
- b. Lánasjóður sveitarfélaga: Greiðsluáætlun bréf frá 12. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- c. Sambandið: Verkfallslisti v. 2009. Lagt fram til kynningar.
- d. Samgönguráðuneytið: Jöfnunarsjóður framlög v.fatlaðra nemenda. Lagt fram til kynningar.
- e. Samgönguráðuneyti: Jöfnunarsjóður v. nýbúa. Lagt fram til kynningar.
- f. Félag tónlistarkennara: Ályktun um tónlistarnám í landinu. Lagt fram til kynningar.
- g. Félags- og tryggingamálaráðuneytið: Skipan matsteymis bréf dags. 9. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.
- h. ASÍ: Hagur atvinnulausra bréf dagsett 15. janúar s.l. Lagt fram til kynningar.

- i. Félag slökkvistjóra á landinu: Þakkarbréf frá 10. desember s.l. Lagt fram til kynningar.
- j. Bændasamtök Íslands: Bótaréttur vegna framkvæmda í almannapágu Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

1. Stjórn Stóru Laxárdeildar veiðifélags Árnessýslu 2. febrúar s.l.
2. Almannaþingarnefnd Árnessýslu: Fyrsti fundur 30. janúar ÍGP.
3. Kynningarfundur Alta – fimmtudaginn 5. febrúar kl. 15.00.

Skýrsla á skrifstofu:

1. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020
2. Iðnaðarsvæðið á Flúðum – verklokaskýrsla 1. og 2. áfangi.
3. Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2008.

Sveitarstjóri sagði frá:

- Skýrslum sem gerðar hafa verið v. forvarna í Sundlaug og Íþróttahúsi.
- Ákveðið að ræða um atvinnumál og hugsanlegar framkvæmdir á næsta fundi hreppsnefndar.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl 17.50